

Uppbygging skólmannvirkja í Mosfellsbæ

Vegna fjölda funda sem haldnir hafa verið undanfarnar vikur með foreldrum barna í leik- og grunnskólum bæjarins má finna hérna samanteknar upplýsingar um þær spurningar sem komu fram á fundunum:

Foreldrar og forráðamenn nemenda í leik- og grunnskólum eru hvattir til að senda frekari fyrirspurnir á mos@mos.is til að hægt sé að hafa upplýsingagjöf eins skilvirka og góða og hægt er.

Austursvæði

- Hvernig á að leysa húsnæðismál Varmárskóla?

Haustið 2014 verða settar tvær færanlegar kennslustofur við Varmárskóla og jafnframt á að skoða stækkun Krikaskóla fyrir haustið 2015.

- Hvaða börn á að senda í Brúarland?

Hugmyndin um Brúarland gekk út á að taka á móti öllum nemendum í 1.bekk Varmárskóla haustið 2014. Nú hefur verið ákveðið að Brúarland verði ekki nýtt fyrir yngstu nemendur Varmárskóla, hvorki haustið 2014 né haustið 2015.

- Verða nemendur úr Krikaskóla skyldaðir til að ganga í Helgafellsskóla?

Nei, nemendur munu eiga val um að fara í Varmárskóla eða Helgafellsskóla.

- Hverjar eru reglurnar varðandi skólaakstur?

Þeir sem eiga rétt á skólaakstri eru þeir sem eiga heima í 1,5 km fjarlægð eða fjær frá sínum hverfisskóla. Skemmri vegalengd telst vera í göngufæri við skóla.

- Hver er ávinningur við að reisa Helgafellsskóla fyrr en síðar?

Helgafellsskóli verður að rísa þó síðar verði, en í fullbyggðu Helgafellshverfi verða um 3000 íbúar. Með því að byggja hann fyrr getur byggingin nýst til að dreifa álagi af aukningu nemendafjölda milli þriggja skóla, Varmárskóla, Helgafellsskóla og Krikaskóla.

- Hvað ef byggingu Helgafellsskóla verður frestað?

Ef Helgafellsskóli verður ekki byggður þá verður að reiða sig á færanlegar kennslustofur t.d. við Varmárskóla og það nýtur ekki vinsælda til lengdar. Einnig yrði að taka Brúarland í notkun undir skólustarf frá Varmárskóla eða Krikaskóla. Því væri heppilegt að byggja fyrsta áfanga skóla sem fyrst í Helgafelli, þar sem fyrirsjáanlegt er að uppbygging þar mun fyrr en síðar standa undir nemendafjölda í skólanum.

- Hvað með að byggja miðbæjarskóla við Sunnukrika?

Hugmyndin er ný af nálinni en samþykkt Fræðslunefndar þann 11. febrúar gerir ráð fyrir að möguleikar á skólabyggingu við Sunnukrika verði skoðaðir nánar. Skólabygging við Sunnukrika er ekki á nýsamþykktu aðalskipulagi Mosfellsbæjar. Þar er gert ráð fyrir uppbyggingu verslunar- og þjónustuhúsnæðis m.a. til að styrkja atvinnu uppbyggingu í bænum. Miðbæjarskóli myndi ekki koma í stað Helgafellsskóla vegna íbúafjölda þess hverfis. Þar af leiðandi myndi mögulega verða offramboð af skólahúsnæði á svæðinu áður en langt um líði. Við uppbyggingu skólamannvirkja þarf að hugsa langt fram í tímann og gæta að því að um stórar fjárfestingar er að ræða fyrir sveitarfélagið.

Vestursvæði

- Hvernig á að leysa húsnæðisvanda Lágafellsskóla?

Haustið 2014 verður stofnað útibú frá Lágafellsskóla við Æðarhöfða sem tekur á móti 1.bekk ásamt 5 ára börnum. Haustið 2015 verða 1. og 2. bekkur í útibúinu þ.e. um 120 börn ásamt 5 ára börnum.

- Eiga börnin að vera þar í bráðabirgðahúsnæði í óskilgreindan tíma?

Nei, byggt verður varanlegt skólahúsnæði sem taka á í notkun skólaárið 2016-2017

- Þurfa börnin að fara á milli húsa í sérgreinar og frístundasel?

Stefnt er að því að útibú skólans verði sjálfbært með alla þjónustu nema íþróttahús og þar með talið sérgreinar og frístundasel.

- Hvað þýðir 200 daga skóli?

Í slíku umhverfi er kennslu dreift á fleiri daga í árinu.

- Af hverju er ekki farið með elstu krakkana í Æðarhöfða?

Það er ekki talið æskilegt að byggja upp nýja unglingsæiningu hvorki út frá sjónarmiði kennslu né kostnaðar. Það yrði mun stærra verkefni að gera unglingsæiningu sjálfbæra.

- Er ekki hægt að byggja við Lágafellsskóla?

Viðbygging við Lágafellsskóla þýðir að skólinn yrði til frambúðar 700-800 barna skóli. Slíkt fyrirkomulag hugnast ekki skólastjórnendum né starfsfólki. Eins myndi viðbygging minnka skólalóðina enn frekar. Erfitt að athafna sig vegna nýbyggingar í yfirfullum skóla. Stækkun á rýmum eins og matsal og slíkri aðstöðu eru þó ekki útilokaðar.

- Hvernig verður stjórnun útibúsins háttað?

Það verður samvinnuverkefni milli Huldubergs og Lágafellsskóla.

- Verða gerðar sérstakar ráðstafanir varðandi umferðaröryggi?

Já, öryggismál verða sérstaklega skoðuð fyrir haustið með tilliti til þrenginga, fylgd yfir götuna, lýsingar og fleira.